

## *Varnir gegn stórslysum af völdum hættulegra efna, reglugerð nr. 1050/2017*

### *Leiðbeiningar um grenndarkynningar*

Samkvæmt reglugerð 1050/2017 ber rekstraraðila stórslysavarnaskyldra starfsstöðva að tryggja að einstaklingar og lögaðilar sem stórslys getur bitnað á fái óumbeðið viðhlítandi upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvernig bregðast skuli við ef slys verður.

### *Eftirfarandi þarf að koma fram samkvæmt reglugerðinni:*

- a. Nafn rekstraraðila og staðsetning svæðis.
- b. Staðfesting á því að svæði sé háð ákvæðum reglugerðar 1050/2017
- c. Lýsing í almennum orðum á þeirri starfsemi sem fram fer á svæðinu.
- d. Heiti þeirra efna og efnablandna sem notuð eru á svæðinu og valdið geta stórslyshættu með útskýringum á helstu hættueiginleikum.
- e. Almennar upplýsingar um hvaða stórslyshætta getur skapast, þar á meðal um hugsanleg áhrif á íbúa og umhverfi.
- f. Fullnægjandi upplýsingar um hvernig farið yrði að því að vara íbúa við slysi og leyfa þeim að fylgjast með gangi mála.
- g. Fullnægjandi upplýsingar um hvað viðkomandi íbúum ber að gera og hvernig þeir skulu hegða sér ef slys verður.
- h. Staðfesting á því að rekstraraðila sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á svæðinu, þar á meðal með því að stofna til tengsla við almannavarnanefnd, með tilliti til hugsanlegs slyss og takmörkunar á áhrifum þess.
- i. Tilvísun til neyðaráætlunar sem gerð hefur verið með tilliti til áhrifa slyss utan svæðisins og hvatning til fólks um að fylgja öllum fyrirmælum eða óskum yfirvalda ef slys verður.
- j. Nánari upplýsingar um hvar unnt sé að afla frekari upplýsinga

**Af þessum atriðum þarf að leggja sérstaka áherslu á að upplýsingarnar í lið e, f og g komist skilvirkt og greiðlega til íbúa á nærsvæðum og til nágrannafyrirtækja, sem stórslys getur bitnað á.**

### **HÆTTA OG ÁHRIF SLYSS**

**e. Hvaða stórslyshættur geta skapast, hver er versta sviðsmyndin og hver eru hugsanleg áhrif á fólk og umhverfi.**

Gera þarf grein fyrir hvers kyns hættu nágrönnum stafar af starfsstöðinni, er um að ræða sprengingar, eldsvoða, leka hættulegra gastegunda, vökva eða ryks? Af starfsstöðinni gætu stafað hættur á fleiri en einni gerð slysa eða óhappa sem gætu leitt til stórslyss og þarf þá að gera grein fyrir öllum möguleikum en leggja áherslu á verstu sviðsmynd. Lýsa þarf hvernig áhrifin eru, til dæmis hvort verða höggbylgjur, hitageislun eða neistaflug, eituráhrif eða önnur heilsuáhrif og umhverfisáhrif og hversu mikil áhrifin gætu orðið.

## VIÐVARANIR UM SLYS

### **f. Hvernig verður farið að því að vara íbúa og fyrirtæki við slysi og leyfa þeim að fylgjast með gangi mála.**

Hér er gerð grein fyrir hver sér um að vara nágrannana við og gefa þeim fyrirmæli og hvernig verður farið að því að vara þá við slysinu. Verða notaðar vælur eða lúðrar, hátalarar, fjölmiðlatilkynningar eða símtöl? Lögreglan sér um að stjórna slysavettvangi en hvað gerist og hver veitir upplýsingar áður en lögregla og slökkvilið koma á staðinn? Verða æfingar?

## VIÐBRÖGÐ NÁGRANNA

### **g. Hvað eiga íbúar í nágrenni eða starfsmenn nágrennafyrirtækja að gera og hvernig eiga þeir að hegða sér ef slys verður.**

Gefa þarf upplýsingar um hvernig viðbrögð nágrannanna ættu að vera verði stórslys sem gæti haft áhrif á þá. Nauðsynleg viðbrögð þurfa að vera útskýrð á auðskiljanlegan hátt en þau gætu þurft að vera á fleiri en einn máta eftir eðli hættunnar og aðstæðum, allt frá því að þvo ryk eða loka gluggum í að rýma svæðið í skyndi.

## Framkvæmd kynninga

1. Starfsstöðvarnar sjá sjálfar um grenndarkynninguna og upplýsingadreifinguna með aðstoð viðbragðsaðila, almannavarna, Vinnueftirlitsins og annarra eftir þörfum á hverjum stað. Upplýsingagjöfin getur gerst með einni eða fleiri aðferðum eftir aðstæðum.
2. Gera þarf upplýsingarnar aðgengilegar, staðsetja þær þar sem nágrennar eiga auðvelt með að finna þær og nálgast á ákveðnum stöðum og hjá ákveðnum aðilum s.s. rekstraráðilum starfsstöðvanna og viðbragðsaðilum.
3. Upplýsingagjöfin felst í dreifingu lesefnis til allra á svæðinu, auk þess með auglýsingum og greinum í almennum dagblöðum, á heimasíðu, með kynningarfundum eða á opnum kynningarstöðum. Aðferðin við upplýsingagjöfina getur ráðist af fjölda nágranna sem í hættu gætu verið, hvort um er að ræða fasta íbúa á nágrennasvæðum eða fyrirtæki og stofnanir, hversu mannmargar þær eru eða hvernig starfsemi fer þar fram
4. Í öllum tilvikum þarf að gæta að því að skriflegar upplýsingar séu afhentar fyrirtækjum og heimilum á hættusvæðum og að þær séu greinilegar, einfaldar, öllum skiljanlegar og dragi fram aðalatriði.
5. Ofhledsla upplýsinga getur valdið misskilningi og því að þeir sem í hættu gætu verið þekki ekki aðalatriðin, svo sem sviðsmynd versta tilviks og undirbúa sig því ekki rétt fyrir mögulegt stórslys.
6. Árangurinn af grenndarkynningunni á að vera að þeir sem í hættu geta verið skilji hver hættan er, hvað gæti gerst ef stórslys yrði og viti hver viðbrögð þeirra sjálfra eiga að vera.
7. Áætlanir um grenndarkynningar sendist Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Vinnueftirlitinu.